

Skilmálar peningamarkaðslána



1. Almenn

Þessir almennu skilmálar gilda um peningamarkaðslán viðskiptamanns hjá Fossum fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík (hér eftir „Fossar“). Almennu skilmálarnir geyma ákvæði um réttindi og skyldur Fossa annars vegar og viðskiptamanns hins vegar vegna peningamarkaðsláns viðskiptamanns hjá Fossum.

Almennir viðskiptaskilmálar um fjárfestingarþjónustu sem Fossar veita viðskiptamönnum kunna einnig að gilda um viðskipti á milli Fossa og viðskiptamanna og koma þeir þá til fyllingar skilmálum þessum eftir því sem við á. Skilmálar þessir um peningamarkaðslán ganga framur hinum framangreindu almennu viðskiptaskilmálum Fossa, reynist ósamræmi þar á milli, enda falli viðskiptin eða þjónustan undir skilmála þessa. Almennu skilmálarnir eru aðgengilegir á vefsíðu Fossa.

2. Peningamarkaðslán og lánstími

Peningamarkaðslán hjá Fossum felur í sér lántöku Fossa hjá viðskiptamanni í formi innlagar viðskiptamanns á fjármunum inn á bankareikning í eigu Fossa, án þess að peningamarkaðslánið myndi innstæðu á greiðslureikningi í eigu viðskiptamanns hjá Fossum. Peningamarkaðslán hjá Fossum felur ekki í sér greiðsluþjónustu samkvæmt lögum nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu.

Peningamarkaðslán byggir á beiðni viðskiptamanns þar um, sem kann að hafa verið sett fram munnlega (þar með talið í síma), skriflega eða með rafrænum hætti við starfsmenn Fossa. Dagurinn þegar samningur um peningamarkaðslán kemst á milli Fossa og viðskiptamanns telst samningsdagur peningamarkaðslánsins. Peningamarkaðslán samkvæmt samningnum telst stofnað á þeim degi þegar þeir fjármunir sem viðskiptamaður leggur inn til Fossa hafa borist inn á tilgreindan bankareikning í eigu Fossa. Telst sá dagur vera fyrsti vaxtadagur peningamarkaðslánsins nema annað sé tekið fram.

Fossar munu senda viðskiptamanni staðfestingu peningamarkaðsláns. Í staðfestingunni skulu koma fram upplýsingar um fjárhæð peningamarkaðslánsins, vaxtakjör, samningsdag, gildistökudag, gjalddaga, greiðslu á gjalddaga og aðra þá skilmála sem Fossar og viðskiptamaður kunna að hafa komið sér saman um.

Geri viðskiptamaður ekki athugasemdir við efni staðfestingarinnar með sannanlegum hætti innan eins dags frá dagsetningu hennar skal litið svo á að staðfestingin, ásamt skilmálum þessum, hafi að geyma rétt og umsamin efnisatriði skuldbindandi samkomulags Fossa og

viðskiptamanns um peningamarkaðslánið, nema um augljósar villur sé að ræða. Fossar áskilja sér rétt til þess að leiðrétta augljósar villur án samþykkis viðskiptamanns.

Staðfesting Fossa á peningamarkaðsláni samkvæmt ofangreindu telst ekki vera fjármálagerningur í skilningi 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með því að stofna til peningamarkaðsláns hjá Fossum telst viðskiptamaður staðfesta að hann hafi kynnt sér eðli peningamarkaðslána og notið ráðgjafar sérfræðinga utan Fossa að því marki sem viðskiptamaður hefur talið nauðsynlegt. Viðskiptamanni er enn fremur ljóst að peningamarkaðslán njóta ekki tryggingarverndar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, samanber ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Viðskiptamaður getur ekki lagt frekari fjármuni inn á peningamarkaðslán hjá Fossum á gildistíma hvers peningamarkaðsláns fyrir sig.

Lánstíminn er frá gildistökudegi til gjalddaga.

Dagaregla er Actual/360 (ICMA).

3. Vextir og vaxtatímabil

Fossar greiða umsamda vexti af peningamarkaðsláninu. Vextir eru fastir út lánstíma peningamarkaðsánsins.

Peningamarkaðslánið ber vexti frá fyrsta vaxtadegi eins og hann er skilgreindur í 2. gr. skilmála þessara og fram að deginum fyrir gjalddaga (vextir falla ekki á peningamarkaðslánið á gjalddaga). Vextir reiknast daglega af upphæð peningamarkaðslánsins, en vextir leggjast ekki við höfuðstól og peningamarkaðslánið ber ekki vaxtavexti.

4. Útborgun og gjalddagi

Á gjalddaga er peningamarkaðsláninu ásamt áföllnum vöxtum að frádregnum fjármagnstekjuskatti, beri viðskiptamanni að greiða slíkt, ráðstafað að fullu á bankareikning viðskiptamanns.

Peningamarkaðslánið er ekki laust til útborgunar fyrr en á gjalddaga og viðskiptamaður hefur engar heimildir til að (i) gjaldfella peningamarkaðslánið, (ii) segja upp eða (iii) rifta samningnum um peningamarkaðslánið.

Ef Fossar heimila útborgun peningamarkaðslánsins fyrir gjalddaga ber viðskiptamanni að greiða úttektargjald sem ákveðið er af Fossum. Fossar ákveða úttektargjald með hliðsjón af (i) þeirri upphæð sem koma á til útborgunar, (ii) fyrirhuguðum gjalddaga, (iii) markaðsaðstæðna á fjármálamörkuðum og (iv) þeirra lánskjara sem Fossar njóta á hverjum tíma.

5. Réttur til að halda eftir greiðslu og skuldajöfnun

Fossum er heimilt, en ekki skylt, að halda eftir greiðslu peningamarkaðsláns ef viðskiptamaður hefur vanefnt aðrar skuldbindingar sínar gagnvart Fossum. Gildir þá einu hvort sú skuldbinding leggur greiðsluskyldu á viðskiptamann eða hún er til komin vegna ábyrgðar sem hann hefur undirgengist fyrir þriðja aðila.

Ef einhver skuldbinding viðskiptamanns gagnvart Fossum er gjaldfelld er Fossum heimilt að beita skuldajöfnuði þannig að peningamarkaðsláninu ásamt áföllnum vöxtum verði ráðstafað til greiðslu á skuldbindingu viðskiptamanns gagnvart Fossum og aðeins mismunur komi til greiðslu til viðskiptamanns á gjalddaga, ef einhver er. Fossum er heimilt að beita skuldajöfnuði án tillits til gjalddaga eða veðsetningar peningamarkaðslánsins.

6. Framsal og veðsetning

Viðskiptamanni er óheimilt að framselja peningamarkaðslánið eða veðsetja það án skriflegs samþykkis Fossa. Framselji viðskiptamaður peningamarkaðslán, að fengnu samþykki Fossa, skal hann afhenda Fossum fullnægjandi gögn um framsalið og nýjan framsalshafa.

7. Önnur ákvæði

Komi upp ágreiningsmál vegna peningamarkaðsláns hjá Fossum skulu slík mál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður þeim ekki breytt af hálfu viðskiptamanns. Áritanir, útstrikunir, viðbætur eða annars konar breytingar sem viðskiptamaður gerir á þeim hafa ekki gildi gagnvart Fossum.

Skilmálar þessir gilda um peningamarkaðslán hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. frá 13. september 2022. Fossar áskilja sér rétt til að einhliða fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert skal það tilkynnt á heimasíðu bankans og skulu uppfærðir skilmálar birtir þar. Breytingar taka gildi á þeim degi sem tilgreint er í tilkynningunni.